



ÍÞRÓTTA-, ÆSKULÝÐS- & TÓMSTUNDASTARF Í DALABYGGÐ

Búðardal 10. júlí 2024

Greinargerð og tillögur
starfshóps

Efnisyfirlit:

Hlutverk:	2
Erindisbréf:.....	2
Skipan starfshópsins:	3
Fundir:	3
Tillögur	4
Starf lýðheilsufulltrúa	4
Aðrir þættir	5
Viðbótartillögur:	6
Viðauki/fundargerðir:	7

Hlutverk:

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2024 eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að gera tillögu að erindisbréfi fyrir starfshóp sem hafi það hlutverk að koma fram með tillögu að skipulagi þess hver og hvernig aðkoma Dalabyggðar verði að íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu í framtíðinni. Tillaga að erindisbréfi verði kynnt fræðslunefnd og í kjölfarið lögð fram til staðfestingar í sveitarstjórn.

Í tillögu að erindisbréfi verði það m.a. tilgreint hver tilgangur með starfshópnum sé, hvernig hópurinn skuli skipaður, fjöldi fulltrúa í starfshópnum og annað það sem máli skiptir í vinnu sem þessari. Einnig verði tilgreint hvaða starfstíma hópnum er ætlað að starfa, fjöldi funda og við hverja skuli haft samráð.“

Erindisbréf:

Starfshópur um skipulag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfs í Dalabyggð

1.gr.

Starfshópurinn skipta þrjú fulltrúar. Hópurinn tekur til starfa í mars 2024 og er áætlað að hann ljúki störfum í ágúst 2024 og skili þá tillögum til sveitarstjórnar sem beri ábyrgð á störfum hópsins. Sveitarstjórn skipar formann hópsins

2.gr.

Skipta skal í hópinn samkvæmt tilnefningum frá eftirfarandi aðilum.

- Einn fulltrúi tilnefndur af sveitarstjórn Dalabyggðar.
- Einn fulltrúi tilnefndur af fræðslunefnd Dalabyggðar.
- Einn fulltrúi tilnefndur af UDN.

3.gr.

Hlutverk starfshópsins er:

- Að vinna stöðugreiningu varðandi íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu
- Að vinna úttekt á mögulegri samlegð á utanumhaldi með skipulag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfs með umsjón á rekstri íþróttamannvirkja.
- Einnig verði horft til
 - Gera tillögu að nýrri íþróttá og tómstundastefnu Dalabyggðar – sjá slóð: <https://dalir.is/wp-content/uploads/2022/01/ithrotta-og-tomstundast-2020.pdf>
 - Samskipti við félög sem sinna málaflokkunum í Dalabyggð.
 - Skipulagi og möguleika hvað varðar samþættingu sumarstarfs og vinnuskóla.

- Taka saman framboð á íþróttá- æskulýðs- og tómstundastarfi í Dalabyggð og gera tillögur að því hvernig hægt sé að auka framboð/fjölgja möguleikum (gott að eiga hugmyndir í banka þegar við fáum fjármagn/styrki sem á að nýta í þennan málaflokk).
- Aðkomu ungmennaráðs og félags eldri borgara að stjórn viðkomandi málaflokka í Dalabyggð.
- Skoða fyrirkomulag tómstundastyrks/frístundastyrks, upphæð og tillögur að leiðum til að ná til mögulegra notenda (vantar umsóknir).
- Gera tillögu að hvernig reglum um tómstundastyrk sé best fyrir komið.
- Þá hefur hópurinn tækifæri til þess að skoða fleiri möguleika sem upp koma í vinnu hópsins.

4.gr.

Sveitarstjóri vinnur með hópnum og sér um að færa fundargerðir í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti, þ.m.t. starfsmenn Dalabyggðar og forsvarsfólk frjálsra félagasamtaka, á fundi ef og þegar þurfa þykir.

5.gr.

Starfshópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta Dalabyggðar. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að sex sinnum á starfstímanum.

Skipan starfshópsins:

Fulltrúi sveitarstjórnar: Ingibjörg Þórunna Steinudóttir, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins af sveitarstjórn.

Fulltrúi fræðslunefndar: Guðrún B. Blöndal

Fulltrúi UDN: Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Starfsmaður hópsins og ritari var Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri

Fundur:

Starfshópur um skipulag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfs í Dalabyggð fundaði fimm sinnum, sjá fundargerðir í viðauka. Einnig aflaði starfshópurinn gagna frá öðrum sveitarfélögum af svipaðri stærð og Dalabyggð er með samtölum, heimsóknnum og í gegnum tölvupóstsamskipti.

Tillögur

Það er mat starfshópsins að tækifæri séu til staðar til að efla starfið í viðkomandi málaflokkum í Dalabyggð í þágu lýðheilsu íbúa á öllum aldri. Starfshópurinn leggur til við byggðarráð að bætt verði inn í málaflokkinn fjármagni þannig að tækifæri gefist til að byggja upp starfsemi í honum með markvissum hætti.

Lýðheilsa er mikilvægur þáttur og er það meginsteff í tillögum starfshópsins að leitað verði leiða til að auka virkni íbúa á öllum aldri í Dalabyggð, m.a. með þátttöku í verkefnum á landsvísu s.s. eins og Hjóla í vinnuna, svo dæmi sé tekið, sem og að halda utan um umsókn Dalabyggðar að Heilsueflandi samfélagi sem starfshópurinn leggur til að hafinn verði undirbúningur á.

Starf lýðheilsufulltrúa

Starfshópurinn leggur til að stofnað verði starf lýðheilsufulltrúa sem er nýtt starfsheiti innan stjórnkerfis Dalabyggðar en rammar vel inn tilgang starfsins að mati starfshópsins. Um yrði að ræða fjölbreytt og víðamikið starf lýðheilsufulltrúa. Leitað yrði eftir kraftmiklum aðila með forystu- og skipulagshæfileika, jákvætt viðhorf og metnað til að taka þátt í uppbyggingu og umbótum í lýðheilsumálum.

Helstu verkefni og ábyrgð lýðheilsufulltrúa Dalabyggðar:

- Þróa og stýra íþrótt-, lýðheilsu- og tómstundamálum ásamt forvörnum og yrði forvarnarþátturinn unninn í góðu samstarfi við félagsmálanefnd og starfsmann hennar (verkefnastjóra fjölskyldumála) hverju sinni.
- Fagleg og rekstrarleg ábyrgð á starfsemi íþróttamannvirkja og aðstöðu, á félagsheimili í Búðardal og á félagsmiðstöð.
- Skipuleggja störf innan málaflokksins s.s. eins og vaktir í íþróttahúsi, félagsmiðstöðvar og þ.h. myndi lýðheilsufulltrúi skipa í og móta starfsumhverfi í samstarfi við sveitarstjóra og annað samstarfsfólk.
- Fagleg ráðgjöf eftir fönnum við þau félagasamtök sem standa fyrir skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi í Dalabyggð.
- Leiða stefnumörkun um viðfangsefni sviðsins með fagnefndum og sveitarstjórn
- Yfirumsjón með æskulýðsstarfi, vinnuskóla og sumarnámskeiði.
- Utanumhald varðandi framboð á lýðheilsutengdum þáttum í sveitarfélaginu hverju sinni og eftir árstíðum, s.s. eins og íþróttæfingum, íþróttaskóla, skátastarfi og þ.h. þannig að framboð verði aðgengilegt á miðlum Dalabyggðar.

Æskilegar menntunar- og hæfniskröfur fyrir starf lýðheilsufulltrúa Dalabyggðar

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði kennslu, íþrótt eða tómstunda.
- Reyndsla af íþrótt- og tómstundastarfi er kostur.
- Reyndsla af rekstri, stjórnun og stefnumótun er kostur.
- Leiðtogaþæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti, hæfni í ensku kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Aðrir þættir

Hvað aðra þætti verkefna starfshópsins sem tilgreind eru í erindisbréfi hans þá eru tillögur starfshópsins eftirfarandi;

Stöðugreining

- Að vinna stöðugreiningu í sveitarfélaginu;
 - Vinna á stöðugreiningu á íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarfi er hafin en tillaga starfshópsins er að lýðheilsufulltrúi vinni/klári úttekt þessa í kjölfar þess að viðkomandi hefur störf og þá í góðu samstarfi við alla hlutaðeigandi sem að málaflökknum koma í Dalabyggð.

Samlegð

- Að vinna úttekt á mögulegri samlegð á utanumhaldi með skipulag íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarfs með umsjón á rekstri íþróttamannvirkja.
 - Að mati starfshópsins er samlegð fólgin í því að utanumhald málaflokksins sé á einni hendi og vísað til fordæma frá öðrum sveitarfélögum því til stuðnings og byggir tillaga starfshópsins hér að framan á því mati.

Íþróttta- og tómstundastefna - Lýðheilsustefna

- Gera tillögu að nýrri íþróttta og tómstundastefnu Dalabyggðar – sjá slóð á núgildandi stefnu:
<https://dalir.is/wp-content/uploads/2022/01/ithrotta-og-tomstundast-2020.pdf>
 - Vinna við gerð nýrrar íþróttta- og tómstundastefnu fyrir Dalabyggð er hafin. Gæta þarf þess að lýðheilsuhlutverkið verði meginstef í uppfærðri stefnu og leggur starfshópurinn til að yfirheiti stefnunnar taka mið af því. Það er tillaga starfshópsins að hlé verði gert á þessari endurskoðun þar til lýðheilsufulltrúi komi til starfa og starfsmaðurinn vinni að gerð tillögu um viðkomandi stefnu í góðu samstarfi við fræðslunefnd, félagsmálanefnd sem og frjáls félagasamtök í Dalabyggð sem í málaflökknum starfa á komandi hausti/vetri.

Samskipti

- Samskipti við félög sem sinna íþróttta- æskulýðs- og tómstundastarfi í Dalabyggð.
 - Samskipti og samráð sveitarfélagsins við frjáls félagasamtök í málaflökknum eru mikilvægur þáttur og mikilvægt að leitast verði við að formgera þau þannig að þau verði reglubundin. Starfshópurinn leggur til að sá þáttur verði tekin með í vinnu við uppfærða íþróttta- og tómstundastefnu/lýðheilsustefnu Dalabyggðar.

Framboð á íþróttta- æskulýðs- og tómstundastarfi

- Taka saman framboð á íþróttta- æskulýðs- og tómstundastarfi í Dalabyggð og gera tillögur að því hvernig hægt sé að auka framboð/fjölga möguleikum.
 - Starfshópurinn leggur til að þessi þáttur verði unnin í framhaldi af skilum starfshópsins og þá af þeim starfsmönnum Dalabyggðar sem að málaflökknum koma með einum eða öðrum hætti í samstarfi við félagasamtök á svæðinu.

Aðkoma ungmennaráðs og félags eldri borgara

- Skoða aðkomu ungmennaráðs og félags eldri borgara að stjórn viðkomandi málaflökka í Dalabyggð.
 - Starfshópurinn leggur til að þessi þáttur verði unnin í framhaldi af skilum hópsins og þá í góðu samstarfi þeirra starfsmanna Dalabyggðar sem að málaflökknum koma með einum eða öðrum hætti í góðu samstarfi og samráði við ungmennaráð og félag eldri borgara í Dalabyggð sem og öldungaráð það sem starfrækt er í samstarfi við nágretta sveitarfélög.

Tómstunda-/frístundastyrkur


- Skoða fyrirkomulag tómstundastyrks/frístundastyrks, upphæð og tillögur að leiðum til að ná til mögulegra notenda.
 - Starfshópurinn leggur til breytingar á núgildandi reglum um tómstunda-/frístundastyrk og leggur um leið ríka áherslu á mikilvægi þess að reynt sé að ná til sem flestra með styrknum þannig að almennt notkun verði á þeim fjármunum sem eyrnamerkir eru í tómstunda-/frístundastyrk.

Nokkur hópur ungmenna sækir reglubundnar æfingar út fyrir Dalabyggð og í nýrri tillögu að reglum er leitast við að mæta þeim hópi. Í tillögu að uppfærðum reglum um tómstundastyrk er gert ráð fyrir að sveitarfélagið kaupi aðgang að Hvata vefkerfi sem tengist Nóra, Abler og fleiri skráningar og greiðslukerfum sem notuð eru af íþróttá og tómstundafélögum til að taka við skráningum og greiðslum fyrir námskeið. Hvata kerfið er í dag notað af sveitarfélögum víða til þess að halda utan um tómstund-/frístundastyrki sveitarfélaganna og gera styrkinn sýnilegan strax í greiðsluferlinu þannig að viðkomandi greiðandi (forsjáraðili) geti nýtt styrkinn með þeim hætti að hann „ávisar“ honum til viðkomandi íþróttá eða tómstundafélags og greiðir sjálfur eftirstöðvar þátttökugjaldsins ef einhverjar eru. Sveitarfélag greiðandans (forsjáraðila) tekur svo reglulega út yfirlit yfir „úthlutaða“ styrki og greiðir þá beint til viðkomandi íþróttá- eða tómstundafélags.

Viðbótartillögur:

- Félagsmiðstöðinni Gildrunni verði fundinn nýr staður utan grunnskólahúss. Einnig er mikilvægt að fundinn verði heppileg staðsetning/aðstaða fyrir börn/unglinga meðan beðið er eftir frístundabíl/æfingatíma í tómstundastarfi. Stefnt verði að því að ný aðstaða verði útbúin á haustönn 2024 hvað þessa þætti varðar.


Búðardal 10. júlí 2024



Ingibjörg Þóranna Steinudóttir



Guðrún B. Blöndal



Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Viðauki/fundargerðir:



Starfshópur um skipulag íþrótt-, æskulýða- og tómstundastarfa í Dalabyggð

Fundur nr. 1, haldinn þriðjudaginn 26. mars 2024 kl. 11:00 í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal.

Mættir: Ingbjörg Þórunna Steinudóttir fulltrúi sveitarstjórnar og formaður starfshópsins
Guðrún B. Blöndal fulltrúi fræðslunefndar
Jóhanna Sigrún Árnadóttir fulltrúi UDN

Einnig sat Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Farið var yfir erindisbréf hópsins og þau gógn sem nýst geta í vinnunni fram undan. Hópurinn hefur heimild til að funda allt að sex sinnum og ber að skila ef sér tillögum í ágúst 2024.

Varðandi íþrótt- og tómstundastefnu Dalabyggðar og tillögu að uppfærðum reglum um tómstundastyrk þá er sveitarstjóra falið að gera fyrstu tillögu að mögulegum breytingum á fyrrgreindum reglum/samþykktum og senda á meðlimi hópsins sem fyrst og unnið verði með skjölin á milli funda.

Rúna tók að sér að hefja vinnu við að útbúa skjal um núverandi stöðu í málaflokknum og hugmyndir/tillögur að framtíðarfyrikomulagi starfsins. Mikilvægt er að koma á sameiginlegu vinnusvæði fyrir starfshópinn.

Rætt var um mikilvægi þess að koma upp aðstöðu fyrir börn og ungmenni til að bíða eftir akstri í tómstundir og þ.h. í skóla, félagsheimili eða öðru húsnæði Dalabyggðar. Spurning hvort hægt sé að vinna samhliða lengdri viðveru.

Samþykkt að fara skoðunarferð um Dalabúð og möguleg önnur mannvirki Dalabyggðar á næsta fundi sem og að fara í heimsókn í Stykkishólm. Stefnt er að því að fara í heimsókn í Stykkishólm til að kynna okkur starfið þar þriðjudaginn 9. apríl kl. 9:00. Einnig er sveitarstjóra falið að afta upplýsinga frá Húnaþingi vestra um íþrótt og æskulýðsstarf.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn þriðjudaginn 9. apríl 2024 kl. 09:00.

Fundi stígað kl. 12:05

Ingbjörg Þ. Steinudóttir

Guðrún B. Blöndal
Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Björn Bjarki Þor.

Starfshópur um skipulag íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfs í Dalabyggð

Fundur nr. 2, haldinn þriðjudaginn 9. apríl 2024 kl. 09:00, haldinn í Stykkishólmi og Dalabúð.

Mættir: Ingibjörg Þóranna Steinudóttir fulltrúi sveitarstjórnar og formaður starfshópsins
Guðrún B. Blöndal fulltrúi fræðslunefndar – komst ekki í Stykkishólmi en var með í samtali í Dalabúð
Jóhanna Sigrún Árnadóttir fulltrúi UDN

Einnig sat Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Farið var í heimsókn í Stykkishólmi og fundað þar með fulltrúum sveitarfélagsins sem er nýbúið að fara í gegnum sitt skipulag í málaflöknum. Afar fróðlegt samtal og munum við fá send gögn frá Stykkishólmi sem nýtast munu í vinnunni áfram.

Að lokinni heimsókn í Stykkishólmi var farin skoðunarferð um Dalabúð og kannaðir þeir möguleikar sem gætu nýst innan allra þeirra fermetra sem um ræðir í þeim húsakynnum í þégu

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2024 kl. 14:30.

Fundi stítið kl. 14:30

Ingibjörg Þ Steinudóttir
Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Guðrún B Blöndal
Þjinnhvalþakinn

Starfshópur um skipulag ípróttu-, æskulýða- og tómstundastarfs í Dalabyggð

Fundur nr. 3, haldinn miðvikudaginn 24. apríl 2024 kl. 14:30, haldinn í fundarherbergi Dalabyggðar.

Mættir: Ingibjörg Þórunna Steinudóttir fulltrúi sveitarstjórnar og formaður starfshópsins
Guðrún B. Blöndal fulltrúi fræðslunefndar – komst ekki í Stykkishólm en var með í samtali í Dalabúð
Jóhanna Sigrún Árnadóttir fulltrúi UDN

Einnig sat Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Ríftuð var upp heimsókn í Stykkishólm þar sem fundað var með fulltrúum sveitarfélagsins sem er nýbúið að fara í gegnum sitt skipulag í málaflökknum og einnig rædd skoðunarferð um Dalabúð sem farin var á síðasta fundi og ræddir þeir möguleikar sem gæstu nýst innan allra þeirra fermetra sem um ræðir í þeim húsakynnum í þágu tómstundastarfs. Einnig sagði sveitarstjóri frá samtölum sínum við sveitarstjóra Húnaþings vestra sem einnig eru að endurskoða skipulag innan sinna raða í málaflökknum.

Rætt um innra skipulag í Dalabúð og hefur verið kallað eftir teikningum að húsinu, bæði efri og neðri hæð, og verður teikningarnar sendar á hópmeðlimi. Markmiðið er að ná samþættingu og samnýtingu á félagsheimilinu og væntanlegu ípróttahúsi þannig að hús kynslóðanna í Búðardal verði raunverulegur möguleiki. Formanni starfshópsins ásamt starfsfólki falið að halda utan um þá vinnu sem og að skoða með aðgengismál í Dalabúð.

Rætt um núgildandi ípróttu- og tómstundastefnu Dalabyggðar – hana þarf að uppfæra í sama útlit og menntastefnan og efnislega þarf að yfirfara hana m.t.t. aðstæðna í dag.

Rætt um ípróttavöllinn í Búðardal og þær lágmarksaðgerðir sem fara þarf í varðandi lagfæringar. Hanna Sigga tekur að sér að afla upplýsinga um hvað hlaupabréut kostar.

Rætt um reglur um frístundastyrki. Ákveðið að hrófla ekki við reglunum núna en stefna að því að gefa út uppfærðar reglur fyrir haustönn 2024.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 30.maj 2024 kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 15:40

Ingibjörg Þ. Steinadóttir
Guðrún B. Blöndal
Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Björn Bjarki Þorsteinsson

Starfshópur um skipulag íþróttar-, æskulýðis- og tómstundastarfs í Dalabyggð

Fundur nr. 4, haldinn þriðjudaginn 28. maí 2024 kl. 13:30, haldinn í fundarherbergi Dalabyggðar.

Mættir: Ingibjörg Þórunna Steinudóttir fulltrúi sveitarstjórnar og formaður starfshópsins
Guðrún B. Blöndal fulltrúi fræðslunefndar
Jóhanna Sigrún Árnadóttir fulltrúi UDN

Einnig sát Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Farið yfir stöðu mála og hver möguleg næstu skref gætu verið í uppbyggingu lýðheilsu- og íþróttastarfs í Dalabyggð.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 19. júní 2024 kl. 13:30

Fundi slitið kl. 14:50

Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Guðrún B. Blöndal
Ingibjörg Þ. Steinudóttir
Björn Bjarki Þorsteinsson

Starfshópur um skipulag íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfs í Dalabyggð

Fundur nr. 5, haldinn miðvikudaginn 26. júní 2024 kl. 13:30, haldinn í fundarherbergi Dalabyggðar.

Mættir: Ingibjörg Þórunna Steinudóttir fulltrúi sveitarstjórnar og formaður starfshópsins
Guðrún B. Blöndal fulltrúi fræðslunefndar
Jóhanna Sigrún Árnadóttir fulltrúi UDN

Einnig sat Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Farið yfir framkomnar tillögu að skipulagi málaflokksins, sjá viðhengi – formanni og sveitarstjóra falið að ganga frá skjalinu áður en tillögur verði kynntar byggðarráði.

Fundi slitið kl. 14:45

Ingibjörg Þ. Steinudóttir
Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Guðrún B. Blöndal

Björn Bjarki Þorsteinsson